Fregnir

Soroptimistasamband Íslands 42. árg. október 2017 nr. 113

HVATNING SOROTIMISTA

Sýnum drenglyndi og verum einlægar í vináttu.
Verum reiðubúnar til hjálpar og þjónustu.
Sýnum í verki skilning og friðarvilja.
Setjum markið hátt og vinnum störf okkar
með sæmd og ábyrgðartilfinningu.

MARKMIÐ SOROPTIMISTA

Að vinna að bættri stöðu kvenna
Að gera háar kröfur til siðgæðis
Að vinna að mannréttindum öllum til handa
Að vinna að jafnrétti, framförum og friði,
með alþjóðlegri vináttu og skilningi.

SOROPTIMISTAR SKULU BEITA SÉR FYRIR:

Að veita þjónustu í heimabyggð,
heimalandi og á alþjóðavettvangi
Að taka virkan þátt í ákvarðanatöku
hvarvetna í þjóðfélaginu.

Mynd: Ritnefnd. Frá vinstri: Þóra Kristín Magnúsdóttir, Drífa Skúladóttir, Þórunn Hilma Svavarsdóttir, Anna Þóra Böðvarsdóttir, Vilborg Lilja Stefánsdóttir og Gunnhildur Kristný Hafsteinsdóttir.

Fregnir er málgagn Soroptimistasambands Íslands.

Heimasíða: www.soroptimist.is
Netfang: soroptimist@soroptimist.is

Ritnefnd óskar eftir efni í næsta tölublað.
Vinsamlegast sendið efni til ritstjóra Vilborgar Lilju Stefánsdóttur á netfangið lilja@gsnb.is fyrir 1. desember 2017.

Forsíðumynd: Bjarnarfoss
Ljósmyndari: Úr einkasafni
Umbrot og hönnun blaðs: Gígja Ívarsdóttir - gigja@gigja.net

FRÁ RITSTJÓRN

Kæru systur

Haustið er komið með sínum sjarma. Vindurinn bítur í kinnar, farið að kólna og dimmir fyrr á kvöldin. Sumarið búið með öllu sem því fylgdi, fríum, ferðalögum og bauki í garðinum. Haustið er einnig tími breytinga, skólar byrja, fjöldamörg námskeið eru í boði, klúbbastarfsemi að byrja aftur eftir sumarfrí og þar á meðal okkar starfsemi.

Haustblað Fregna er á sínum stað og eins og vorblaðið, aðeins á rafrænu formi. Við fengum nokkrar aðsendar greinar og þökkum við kærlega fyrir það.

Eins og vanalega er nóg að gera hjá klúbbsystrum og meðal efnis í blaðinu er grein um hausthitting klúbbanna á Norður- og Austurlandi og Landssambandsfundinn sem haldinn var í maí af Fella-og Hólaklúbbi og var glæsilegur í alla staði.

Í vorblaðinu fengum við að kynnast lífi yngstu soroptimista-systur okkar og í þessu blaði fáum við að kynnast þeirri elstu. Pistill frá forseta vorum er á sínum stað ásamt ljóði eftir konu af Snæfellsnesinu.

Við í ritnefnd hlökkum til að fá efni frá ykkur fyrir jólablaðið. Greinar um hvað er að gerast í klúbbunum, samskipti innanlands og erlendis og sögur af ykkur sjálfum. Maður er manns gaman og við hvetjum ykkur til að senda okkur efni og myndir til þess að deila með okkur hinum því sem þið eruð að gera.

Og svona að lokum er vert að minna á haustfundinn okkar. Gerum haustið enn skemmtilegra og hittumst kátar og hressar á haustfundi sem að þessu sinni verður haldinn á Laugabakka 6.-7. október.

HAUSTLJÓÐ

Haustið er komið í hundrað þúsund litum
með heiðbláa daga, jarðneska dýrð.
Laufin þau dansa svo léttstíg með vindum
og landið er fagurt, hvar sem þú býrð.
Aldrei getur hinn grimmi grái vetur,
bætt um betur.

María Sigmundsdóttir (1958)

Með kærri systrakveðju
Ritnefnd

Kæru systur

Haustið er á næsta leiti og Soroptimistaklúbbar um landið eru að vakna af sumardvala og systur farnar að skipuleggja nýtt starfsár. Haustfundurinn er fyrstu helgina í október eins og venja er. Við getum gengið út frá því að þar verðum við í skemmtilegum félagsskap og leitast verður við að miðla allskonar fróðleik um samtökin. Það hefur gengið vel að fá konur í störf fyrir fundinn, systur eru svo duglegar og jákvæðar. Það verða fjórar mjög áhugavekjandi smiðjur, kynning og kennsla á Soroptimistavefinn, stjórnskipulagið, fundasköp og alheimsumhverfið. Að venju verða embættismannafundir fyrir embættismenn klúbbanna en þar komast jafnan á góð kynni milli embættismanna. Að þessu sinni verður Haustfundurinn á Hótel Laugarbakka í Húnavatnssýslu. Þar verðum við á landssvæði næst yngstu systra okkar í Soroptimistaklúbbi Við Húnaflóa. Þessar elskulegu systur ætla að bjóða okkur til mótttöku á hótelinu á föstudagskvöldið. Það verður gaman að hittast eftir sumarið, segja frá ferðalögum og hvað mörgum sólardögum við höfum náð hér heima á Fróni.

Ég er að fara inn í seinna starfsár mitt sem forseti og hefur starfið verið mjög gefandi og lærdómsríkt. Systur okkar á Snæfellsnesi eru einnig að klára sitt fyrra ár með útgáfu Fregna, það er væntanlega góður skóli. Ég veit að það er erfitt að fá efni í blaðið, það kemur sjaldnast óumbeðið. Við megum bæta okkur þar og hafa í huga hversu gaman er að segja frá líflegu starfi sem er í klúbbum okkar. Það er líka gaman að lesa myndskreytta pistla og þekkja mörg andlitin á myndunum. Segið okkur endilega frá ferðalögum og uppákomum í klúbbnum, verkefnum og inntöku nýrra systra. Ég vona að þetta fallega blað okkar haldi áfram að koma út. Samkeppni er orðin um fréttir í Fregnum og á Soroptimistavefsíðunni, en við viljum líka hafa vefinn lifandi. Hvernig viljum við að framtíð blaðsins verði? Þetta er allt undir okkur komið og okkar að ákveða.

Kæru systur njótið vetrarins og systrafélagsins okkar. Megi Soroptimistastarfið gefast þér vel og njótið þess að vera til.

Laufey Guðrún Baldursdóttir
Forseti Soroptimistasambands Íslands 2016-2018

HAUSTGLEÐI NORÐAN- OG AUSTANSYSTRA

Klúbbarnir á Norður- og Austurlandi hafa þann skemmtilega sið að heimsækja hvern annan árlega á hverju hausti. Í ár var komið að austansystrum að taka á móti systrum sínum af Norðurlandi. Þema heimsóknarinnar var matarkista Fljótsdalshéraðs. Rannveig Árnadóttir tók myndir og setti þær og skemmtilegan texta á Facebooksíðu sína. Eftirfarandi pistill byggir á skrifum hennar sem hún gaf okkur leyfi til að nota ásamt myndunum.

Rannveig segir: „Að taka þátt í félagslífi er hverri manneskju nauðsynlegt. Ég er svo lánsöm að vera Soroptimisti og um helgina fengum við í Soroptimistaklúbbi Austurlands systur okkar af Norðurlandi í heimsókn. Eins og nærri mátti geta var þetta eintóm gleði og hamingja, fræðsla, leikur, góður matur og söngur."

Dagskráin hófst laugardaginn 2. september í Gistihúsinu á Egilsstöðum þar sem systir okkar Hulda Elisabeth Daníelsdóttir hótelstjóri fræddi okkur um sögu Gistihússins. Hulda og bóndi hennar Gunnlaugur Jónasson hafa af stórhug og myndarskap byggt hótelið upp og er það ein helsta skrautfjöður okkar Héraðsmanna.

Næst fórum við í Fjóshornið sem er kaffihús rekið á sumrin við Egilsstaðabýlið. Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir bóndi sagði okkur frá uppbyggingu kaffihússins. Þar er auk þess hægt að kaupa osta og skyr sem Vigdís framleiðir og einnig kjöt frá Egilsstaðabúinu. Fjóshornið Egilsstöðum er staður sem sannarlega er vert að heimsækja.

Einnig fengum við að heimsækja fjósið á Egilsstöðum. Það er ekki slæmt að vera kýr á Egilsstaðabúinu, þar er allt til fyrirmyndar, kýrnar geta gengið frjálsar inn og út og eiga sína eigin nuddstofu. Kálfafóstran er vinsæl og þessi fríði kálfur var undrandi yfir því að Rannveig væri að trufla hann.

Eftir ljúffenga lerkisveppasúpu á Gistihúsinu var haldið í rútu áleiðis inn Velli í átt að Hallomsstaðaskógi. Þórunn Hálfdanardóttir var með hljóðnemann, miðlaði fróðleik og sagði smellnar sögur af bændum og búaliði. Á leiðinni var tekið hús á Eymundi bónda í Vallanesi, sem tók vel á móti okkur.

Eymundur sagði okkur frá uppbyggingu búsins en þar er ræktað lífrænt grænmeti og bygg og framleiddar tilbúnar hollustu- og sælkeravörur. Síðan hittum við Eygló konu hans, fengum að smakka á framleiðslunni og skoða nýbyggt kaffihús úr heimafenginni ösp. Við litum á gróðurhús og dáðumst að vínberjaklösum og öðru góðgæti sem þar vex og það var ekki bara Rannveig sem fór heim með t.d. grænkál, hnúðkál og repjuolíu sem framleidd er í Vallanesi.

Áfram var haldið inn í Hallormsstaðaskóg þar sem boðið var upp á ketilkaffi að skógarmannasið og heimabakað meðlæti í boði systra. Brugðið var á leik undir stjórn Bergrúnar Örnu Þorsteinsdóttur í Mörkinni. Á myndinni erum við að bíða eftir að vera skipt í lið, keppt var í skeifu-, drumba- og pílukasti. Systur voru mjög mishittnar.

Að því loknu fræddi Bergrún okkur um fyrirtæki sitt Holt og heiðar en það framleiðir sultur, sýróp og fleira góðgæti. Dásamlegar vörur beint úr náttúrunni.

Þegar þeirri heimsókn var lokið var ekið sem leið lá Fljótsdalshringinn yfir Löginn út Fellin og sungið af hjartans list en forsöngvari var Védís Klara Þórðardóttir.

Um kvöldið var boðið til hátíðarkvöldverðar í Kirkjumiðstöðinni á Eiðum sem er hefðbundinn fundarstaður Austurlandsklúbbs. Gefum Rannveigu aftur orðið „Þegar góða gesti ber að garði er tjaldað því besta sem til er. Kolbrún Hólm galdraði fram himneska rétti, nær eingöngu úr hráefni af Héraði. Hreindýr, gæsir, lambakjöt og alls konar gott meðlæti með. Braglaukarnir upplifðu nýjar víddir.“

Sigríður Herdís Pálsdóttir nýjasta austansystirin var veislustjóri og fórst henni það einkar vel úr hendi. Fjórir eiginmenn voru til aðstoðar í veislunni, tveir sáu um „barinn“ og frágang og aðrir tveir spiluðu undir fjöldasöng og fengu við það aðstoð Elínborgar Siggeirsdóttur í klúbbnum við Húnaflóa. Kvöldið leið við söng og gleði og fóru allir sælir og saddir heim.

Morguninn eftir var stutt kveðjustund á Gistihúsinu á Egilsstöðum. Húsavíkursystur sem fjölmenntu austur kveðja hér glaðar í bragði og virðast ánægðar með heimsóknina.

Takk fyrir helgina!

Bára Mjöll Jónsdóttir og Jóhanna Hafliðadóttir
Austurlandsklúbbi.

Margrét Guðjónsdóttir,

oft kölluð Margrét í Dalsmynni, fæddist 3.mars 1923 á Ytri-Skógum í Kolbeinsstaðahreppi í Hnappadalssýslu. Hún var elsta barn hjónanna Ágústu Júlíusdóttur og Guðjóns Jónssonar. Sextán ára varð hún ráðskona í Kolviðarnesi í Eyjahreppi og síðar húsfreyja þar og síðar í Dalsmynni. Hún giftist Guðmundi Guðmundssyni og eignuðust þau ellefu börn og á hverju sumri tóku þau börn í sveit. Margrét var mikill kvenskörungur og náttúrubarn og undi sér best úti við. Hún lét til sín taka í skógræktarmálum og var þekktur hagyrðingur. Mörg ljóð eru eftir hana Margréti og það sem við völdum er einmitt um hennar helsta hugðarefni, gróðrarstörfin. Ekki er getið um nafn á ljóðinu. Bókin "Með létt skap og liðugan talanda" Lífssaga Margrétar í Dalsmynni, kom út árið 2010 og er skrifuð af Önnu Kristine Magnúsdóttur. Þar ræðir Anna Kristine við Margréti, afkomendur og nágranna. Bókin geymir einnig mörg ljóð og eru ljóðin sem við völdum í þeirri bók.

Ég mun vorsins fögnuð finna,
fyllist hjartað ljúfri þrá.
Við gróðrarstörf er gott að vinna,
grisja, planta, vökva og sá.

Í sumarbirtu er best að dreyma
að betri tímar komi senn.
Árstíðirnar áfram streyma,
annir kalla á vaska menn.

Þá verður okkur glatt í geði
þó gangi á ýmsu um flest vor mál.
Við vitum öll að vinnugleði
veitir þrótti í hug og sál.

Sterk og frjáls við stöndum saman
styðjum lífsins undramátt.
Að planta trjám er gleði og gaman
– gerum slíkt að þjóðarsátt.

Annað ljóð er um lífsgleðina:

Lífsgleðin mun leysa vanda,
lyfta öllu á hærra stig.
Ef brosir þú til beggja handa,
breytist allt í kringum þig.

Hafðu stjórn á hugsun þinni,
í hjartanu dýpsta gleðin býr.
Ef þú geymir sól í sinni
sérhver skuggi burtu flýr.

FJÖLMENNING Í SNÆFELLSBÆ

Í Snæfellsbæ hafa verið haldnar fjölmenningarhátíðir undanfarin tvö ár og er sú þriðja í undirbúningi, verður haldin í Frystiklefanum á Rifi laugardaginn 21. október n.k. Hátíðin er hluti af stærra verkefni sem Átthagastofa Snæfellsbæjar vinnur í samvinnu við Svæðisgarðinn Snæfellsnes, Símenntun Vesturlands, Frystiklefann á Rifi og Grunnskóla Snæfellsbæjar (GSNB). Soroptimistaklúbbur Snæfellsness kemur ekki að hátíðinni með beinum hætti, en allmargar klúbbsystur eiga aðild að hátíðinni í gegnum störf sín og auk þess eru systur af erlendum uppruna í klúbbnum sem hafa tekið virkan þátt í hátíðinni með kynningu á upprunaþjóð sinni.

Markmið með fjölmenningarhátíðinni er að styrkja tengslanet allra íbúa Snæfellsbæjar og skapa vettvang fyrir fræðslu um aðra menningarheima, matarhefðir og sögu. Aukin þekking á uppruna þeirra þjóðarbrota sem byggja samfélagið stuðlar að bættum samskiptum meðal íbúanna og er liður í að koma í veg fyrir fordóma af ýmsu tagi. Í Snæfellsæ eru íbúar af tæplega 20 mismunandi þjóðernum, bæði fyrsta og önnur kynslóð nýbúa.

Hátíðin sem haldin var í október 2016 tókst mjög vel. Þar var kynntur matur frá fjölmörgum löndum sem þátttakendur fengu að smakka. Ungt tónlistarfólk söng og spilaði.

Nemendur GSNB sáu um kynningar á Þýskalandi, Póllandi, Bosníu og Íslandi á fjórum tungumálum ásamt því að sýndur var afrakstur þemavinnu skólans sem var m.a. kynning á 16 upprunalöndum nemenda skólans. Um 600 manns sóttu hátíðina.

Soroptimistaklúbbur Snæfellsness hefur lagt ýmislegt af mörkum í þeirri viðleitni að styrkja tengslanet íbúanna og leggja rækt við fjölbreytileikann í samfélaginu. Má þar nefna að í nokkur ár var einni til tveimur konum af erlendum upprunna boðið á jólafund með okkur auk þess sem við héldum „boðsfund“ þar sem hver og ein okkar bauð með sér á fund að lágmarki einni konu af erlendum uppruna. Þannig tókst okkur að koma á kynnum og jafnvel auknum samskiptum kvenna af ólíkum uppruna innan samfélagsins okkar.

EGGJAKAKA
með brauði

Steikið grænmeti og t.d. skinku á pönnu
…..mjög gott að taka til í
ísskápnum….
Kryddið með estragoni, salti og pipar
eða því sem ykkur þykir gott.

Smyrjið eldfast mót og setjið brauðsneiðar í botninn. Þeytið egg - bætið
í smá vökva ef þið viljið.

Setjið steikta grænmetið yfir brauðið
og hellið eggjahrærunni svo yfir.
Nú væri gott að mylja osta-afganga yfir
ef vill - og svo rifinn ost yfir allt saman.

Sett inn í ofn og látið bakast við 180
gráður í 30-45 mín (fer eftir þykkt,
pota bara í með prjóni til að tékka.
Þegar osturinn er orðin fallega
gylltur þá er gott að setja
bökunarpappír yfir formið.

Borið fram með góðu salati
og góðu sinnepi

Verði ykkur að góðu

UM VINSKAP

Inge van der Blom er ein þeirra útlendinga sem tekið hafa ástfóstri við Ísland. Það var 1997 sem nokkrar systur frá Hollandi úr vinaklúbbi Skagafjarðarklúbbs ákváðu að heimsækja landið okkar. Eftir glæsilegar móttökur í Skagafirði komu nokkrar þeirra í Ferðaviku Hafnarfjarðar- og Garðabæjarklúbbs (H&Gb) og þar lágu leiðir okkar Inge saman í fyrsta sinn. Inge átti eftir að koma oft til Íslands eftir þetta m.a. tvisvar í Ferðaviku H&Gb, seinna í ferð sem skipulögð var vegna 30 ára afmælis Landssambandsins og nokkrum sinnum skipulagði hún ferðir með nýjar systur úr sínum klúbbi svo þær mættu kynnast landi okkar og þjóð og ekki hvað síst systrum í Skagafirði. Inge kom stundum ein og um hávetur og nokkrum sinnum heimsótti hún mig þegar ég bjó á Akureyri. Auk ferða Inge til Íslands sem ég hef ekki tölu á, hafa Skagafjarðarsystur farið mörgum sinnum til þeirra til Alphen aan den Rijn og einnig Hafnarfjarðar- og Garðabæjarsystur. Við hittumst 2005 í Vínarborg þegar Evrópusambandsþingið var haldið þar og 2010 fórum við Inge ásamt systrum frá ýmsum löndum í „Hjóla-og bátsferðina“ sem farin hefur verið um Holland í áraraðir og margar íslenskar systur hafa upplifað – ógleymanleg ferð.

Svo var það í fyrrahaust sem Inge dvaldi hjá mér í nokkra daga á leið sinni frá Bandaríkjunum að við ákváðum að fara saman á Evrópuþingið í Flórens 2017. Við ákváðum að fara akandi með hjólhýsi Inge og gista á tjaldsvæðum. Inge var meira og minna alin upp á tjaldsvæði sem foreldrar hennar áttu og ráku og er það ein ástæða þess að hún hefur ferðast víða um Evrópulöndin, dvalið mikið á tjaldsvæðum og þekkir mörg þeirra vel.

Ferðin hófst á fallegum degi í byrjun júlí en svo vel vildi til að ég gat staldrað við í Englandi á leiðinni og hitt gamla skólafélaga frá námsárum okkar hjóna í Cambridge og flogið síðan yfir til Amsterdam.

Við ókum sem leið lá í gegnum Holland og yfir til Þýskalands og suður eftir Rínardalnum, þá í gegnum Sviss og loks til Ítalíu þar sem áfangastaðurinn var Flórens, þessi forna, fræga borg.

Við lögðum hjólhýsinu og dvöldum á góðu hóteli í hjarta borgarinnar á meðan Evrópuþingið stóð yfir. Gaman var að upplifa slíkt þing að nýju en fáar voru þar Soroptimistasysturnar sem ég hafði kynnst á ferðum mínum sem sendifulltrúi á árum áður, því miður. Við hittum að sjálfsögðu allar íslensku systurnar og að auki eina til viðbótar, Kristínu Reynisdóttur, en hún er Soroptimisti í franska hluta Sviss. Hversu margar íslenskar konur ætli að leynist í Soroptimistasamtökunum víða um heiminn? Á heimleiðinni ókum við í gegnum Frakkland, Lúxemborg og Belgíu og tókst ferðalagið allt eins og best verður á kosið, þessar tvær vikur sem við vorum á ferðalagi. Tjaldsvæðin voru til mikillar fyrirmyndar, góð þvottaaðstaða og hreinlæti yfirleitt gott. Á mörgum þessara staða voru veitingastaðir eða barir, sundlaugar og fín leiksvæði fyrir börnin.

Það er gaman að sitja heima á Íslandi að vetri til, skipuleggja slíka ferð og hugsa til sólar og hita. Hitinn á meginlandi Evrópu var yfirgengilegur í allt sumar, en við nutum ferðarinnar sannarlega og upplifðum margt og mikið og fyrst og fremst góða vináttu sem á eftir að vara um ókomna tíð.

Sigríður Ágústsdóttir
Soroptimistaklúbbi Hafnarfjarðar og Garðabæjar

ELSTA SYSTIRIN

Ég er fædd á Harðbak á Melrakkasléttu 15. mars 1920 og ólst þar upp. Foreldrar mínir voru Guðmundur Stefánsson bóndi þar og kona hans Margrét Siggeirsdóttir. Þau höfðu bæði alist upp á Sléttunni, en hún átti ættir að rekja til Mývatns og austur á Bakkafjörð. Hann var ættaður úr Skagafirði, Hrólfungur.

Það var tvíbýlt á Harðbak. Á hinu búinu bjó systir pabba. Hún átti líka sex börn a svipuðum aldri og við. Gamall maður sem var vinnumaður hjá pabba spilaði mikið á harmonikku svo við gátum dansað þegar við vildum. Harðbakur er hlunnindajörð. Þar var og er æðarvarp, trjáreki og silungsveiði. Þannig höfðum við nóg að bíta og brenna.

Námið var stutt á þeim árum til sveita. Farskóli einn mánuð til tíu ára aldurs en þá urðu börn skólaskyld og fengu tvo mánuði. Eftir barnapróf fóru flestir unglingar á héraðsskólana. Ég fór strax eftir barnapróf að heyja mér undirbúning undir Kennaraskólann sem ég ætlaði mér að komast í. Sautján ára settist ég svo í Kennaraskóla Íslands haustið 1937 og lauk prófi vorið 1940 tvítug. Sama haust hóf ég kennslu á Raufarhöfn og var þar í 3 ár. Þá í Katólskaskólanum í Hafnarfirði til 1945. Það haust hóf ég kennslu við Austurbæjarskólann í Reykjavík og kenndi þar til 1949. Ég flutti til Keflavíkur 1953 og kenndi þar að mestu til 1977. Þá fluttist ég til Reykjavíkur og kenndi við Ölduselskólann í Reykjavík þar til ég hætti kennslu 1987.

Ég giftist bekkjabróður mínum Rögnvaldi Jóhanni Sæmundssyni 3. júní 1948. Hann hafði þá lokið MA prófi í USA. Við eigum þrjú börn, átta barnabörn og nítján langömmubörn. Rögnvaldur lést 6. janúar 2016.

Þegar ég hafði athugað markmið Soroptimista sá ég að ég gat aðhyllst þau. Ég hef frá byrjun verið virkur félagi og skipað öll embætti nema forseti sambandsins. Ég var meðal annars stofnformaður klúbbsins í Keflavík 1975.

Ég bý í íbúð sem var innréttuð fyrir okkur hjónin á jarðhæð hjá Elínu dóttur okkar og tengdasyni. Ég vakna um kl. 7. Þá klæði ég mig og ýmist hita mér te eða fer upp og drekk te upp með þeim sem þar eru staddir. Oft kemur Sæmundur sonur minn, Margrét dóttir mín eða aðrir úr fjölskyldunni í heimsókn. Ég fer út að ganga, les blöð eða bækur og prjóna mér til gamans. Mér leiðist aldrei.

LANDSSAMBANDSFUNDUR HÓLA OG FELLA VORIÐ 2017

Að halda landssambandsfund er eitt af stærri en jafnframt skemmtilegri verkefnum sem soroptimistaklúbbur tekur að sér. Allavega er það reynsla okkar klúbbs, Hóla og Fella.

Undirbúningur hófst í október en þá kusum við nokkrar systur til að halda utan um verkefnið og hafa yfirumsjón með því. Snemma þurfti að huga að fundarstað og veitingum fyrir fundinn svo og að finna hentugan stað til að halda hátíðarkvöldið. Síðan er allt hitt sem fellur til, s.s. raða upp og skreyta salina og ganga frá, búa til dagskrá fyrir fundinn, finna hljómsveit, fyrirlesara og skemmtiatriði. Auk þess þarf að halda utan um skráningu og greiðslur svo aðeins sé stikklað á stóru hér. Öll verkin unnu systur í sameiningu og gerðu vel. Það er gaman að vera hluti af heildinni, finna hlýhug og hvað allar voru tilbúnar til að vinna saman og gera vel.

Systur í Hóla- og Fellakúbbi voru hamingjusamar og sáttar við þá vinnu sem við unnum og vonum við að aðrar systur hafi notið þess að vera með okkur þessa helgi.

Systrakveðja

Guðný Helgadóttir, ritari.

NÆSTI LANDSAMBANDSFUNDUR SOROPTIMISTASAMBANDS ÍSLANDS VERÐUR HALDINN Á AKRANESI DAGANA 20. - 22. APRÍL 2018.

Hér er ekki starfandi hótel en ýmsa gistingu að fá og hefur landssambandsnefndin okkar tekið frá talsvert af gistirýmum. Svo er alltaf hægt að skoða Airbnb og Booking.com en vitað er af þónokkrum slíkum gistimöguleikum. Fyrstur kemur fyrstur fær. Upplýsingar hafa verði sendar formönnum og forseta.

Okkur hlakkar til samverunnar í apríl 2018.

Fyrir hönd Soroptimistaklúbbs Akraness,
Sigríður Kr. Gísladóttir formaður

UM STARFSEMI AUSTURLANDSKLÚBBS

Í Austurlandsklúbbi er alltaf eitthvað um að vera. Í vor voru í þriðja sinn afhent hvatningarverðlaun klúbbsins við útskrift Menntaskólans á Egilsstöðum. Að þessu sinni fengu systurnar Helga Rut og Steinunn Lilja Jóhannesdætur verðlaunin en þau eru veitt fyrir góðan árangur og seiglu í námi þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Markmið með verðlaununum er að hvetja verðlaunahafa til áframhaldandi náms.

Þann 14. júní var tekin í notkun lyfta fyrir hreyfihamlaða við sundlaugina á Egilsstöðum. Systur söfnuðu fyrir lyftunni með sölu Kærleikskúlna og jólasveinaóróa sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra gefur út í desember ár hvert. Lyftuna fluttu systur sjálfar inn frá Bandaríkjunum. Hún er færanleg og má nota við heita potta, barnalaug og sundlaug. Segja má að þarna hafi langþráðu takmarki verið náð því verkefnið hefur tekið mörg ár!

Þá hittast systur öðru hvoru utan funda og sauma margnota poka til að nota undir ávexti og grænmeti. Einnig tína þær ber og sulta og safta til fjáröflunar.

Með kveðju
Bára Mjöll Jónsdóttir og Jóhanna Hafliðadóttir
Austurlandsklúbbi

“Fernt er gott í heimi hér:
gamall viður í arineld,
gamalt vín til að dreipa á,
gamlar bækur að glugga í
og gamlir vinir sem treysta má.”

“Góðar eru gjafir þínar, en meira þykir mér verð
vinátta þín og sona þinna.”

“Vin sínum
skal maður vinur vera
og gjalda gjöf við gjöf.

Veistu ef þú vin átt
þann er þú vel trúir
og vilt þú af honum gott geta,
geði skaltu við þann blanda
og gjöfum skipta,
fara að finna oft.”

-Hávamál